

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Margar hendur vinna létt verk

Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis til umdæmisstjórnarfundar 26 nóvember 2011 haldinn í Kiwanishúsinu við Engjateig.

Kæru Kiwanisfélagar.

Það er hefð fyrir því að kjörsvæðisstjóri Ægissvæðis hafi umsjón með sumarhátíð svæðisins. Það var því mitt hlutverk síðasta sumar. Hátíðin sem var haldin á Hellishólum í Fljótshlíð tókst með ágætum þrátt fyrir að hún hafi verið fremur fámenn.

Að loknu góðu umdæmisþingi á Höfn Hornafirði tóku við stjórnarskipti í svæðinu. Ég hafði gert mér far um að undirbúa mig sem best fyrir þær athafnir og vona að það hafi skilað sér samkvæmt væntingum. Dagar stjórnarskiptana höfðu raðast þannig upp að ég gat verið hjá öllum klúbbum.

Fyrstur í röðinni var Hof í Garði þ. 27. sept. Sem héldu sinn fund ásamt mökum og buðu upp á veislurétt sem Magnús félagi í Hofi sá um að matreiða. Mér til aðstoðar við stjórnarskiptin var Konráð kjörsvæðisstjóri. Indæl kvöldstund í Garðinum.

Næst í röðinni var Sólborg þ. 30. sept. Þar var Konráð einnig með mér. Þær Sólborgarkonur héldu sinn fund einnig með mökum og buðu upp á veisluhlaðborð af bestu gerð. Á fundinum afhentu þær alls 6 silfurstjörnur til félaga sem er frábært framtak.

Kvöldið eftir þ. 1. okt. var komið að þremur klúbbum sem voru Setberg, Hraunborg og Eldborg sem höfðu sameiginleg stjórnarskipti í sal við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði þar sem makar voru einnig með. Setbergsmenn sá um undirbúning þessa fundar þar sem boðið var upp á mat og músik. Veislustjóri var Matthías núverandi forseti Setbergs. Konráð var einnig þar mér til aðstoðar.

Varða nýjasti klúbburinn í svæðinu var næstur þ. 4. okt. í Kiwanishúsinu í Keflavík. Endalausar freistingar í boði að þessu sinni tertur og konfekt. Á þessum stjórnarskiptafundi veittist mér sá heiður að aðstoða Jóhönnu forseta sem nú leiðir klúbbinn sitt annað starfsár við að taka inn nýja félaga sem alltaf er gleðiefni. Konráð var mér sem fyrr til aðstoðar.

Nú var röðin komin að klúbbi umdæmisstjóra Keili Keflavík. Í stað Konráðs sem ekki gat verið á staðnum, tók Hildisif fráfarandi svæðisstjóri bón minni að vera mér til aðstoðar. Í boði var steik matreidd af Keilisfélögum og aðhaldsátak mitt þegar komið í stórhættu.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



Margar hendur vinna létt verk

Síðastur klúbba í svæðinu var Eldey í Kópavogi sem slógu saman stjórnarskiptum og árshátíð sinni. Veislustjóri var einn félagi Stefán R. Jónsson, í boði var góður matur og músik. Þeir Eldeyjarnir afhentu meðal annars 5 silfurstjörnur þetta kvöld sem er frábært. Hildisif var mér einnig til aðstoðar á þessum fundi.

Fyrir utan þær silfurstjörnur sem voru nefndar afhentu klúbbarnir ýmsar viðurkenningar til félaga.

Fundirnir allir og umgjörð þeirra var klúbbunum til mikils sóma. Hafi þeir mínar bestu þakkir fyrir.

Mánaðarskýrslur klúbbana hafa allar skilað sér. Þrátt fyrir þónokkrar útstrikanir félaga undanfarið hafa nýir félagar einnig verið teknir inn og von á fleirum þegar fram líða stundir svo það er engin ástæða til að örvænta. Einn félagi Þorsteinn Björnsson Hraunborgu er nýlátinn Blessuð sé minning hans.

Þann 19 nóvember var fyrsti svæðisráðsfundur starfsársins haldinn hjá Hofi í Garði og voru mættir 42 félagar sem er frábært. Fundurinn var að mínu mati mjög góður og málefnalegur. Skýrslur klúbba sýna að starfið er í góðum gangi. Fjáraflanir komnar í gang hjá sumum, og aðrir að undirbúa sig.

Guðlaugur Kristjánsson Eldey kynnti nýtt fjáröflunarverkefni sem hefur fengið nafnið Ísgolf sem fellst í því að slá golfbolta í kringum landið og um leið safna áheitum. Þetta gefur öllum klúbbum möguleika á að safna fé í sína styrktarsjóði. Meiningin er að ágóði af þessu verkefni renni til sambýla á landinu og til verkefnis til útrýmingar á stífkrampa. Undirbúningur er þegar í góðum gangi.

Þá tók til máls formaður Útbreiðslu og fjölgunarnefndar og ræddi meðal annars um fjölgun kvenna í Kiwanis og gott starf í kvennanefnd við kynningu á Kiwanis. Fyrirverandi svæðisstjórn Arnar og Hildisif fengu viðurkenningar fyrir frábær störf í embætti.

Stjórnarskiptum var þó ekki alveg lokið því fyrir stuttu fékk ég beiðni um að sjá um stjórnarskipti í ungliðaklúbbnum Bláma sem mér þótti afskaplega vænt um að fá. Þau fóru síðan fram í Kiwanishúsinu í Kópavogi þ. 24 nóvember þar sem meðal annars voru viðstödd Óskar Guðjónsson Eldey og Dröfn Sveinsdóttir Sólborg. Þess verður ekki langt að biða að Blámi verði orðinn alvöru öflugur Kiwanisklúbbur.

Semsagt allt að gerast Framundan eru heimsóknir í klúbba og bara gaman að vera saman.

Bestu Kiwaniskveðjur

Bergþór Ingibergsson Svæðisstjóri Ægissvæðis

Kiwanis er alheimssamtök sjálfboðaliða er hafa að



markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna